



Framkvæmda- fréttir 17. tbl. /09



Brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi var vígð og tekin í notkun 3. september 2009.

Brú yfir Mjóafjörð vígð

Fimmtudaginn 3. september var ný brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi vígð og um leið var vegur frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði formlega tekinn í notkun. Það var Kristján L. Möller samgönguráðherra sem vígði brúna.

Um mannvirknið

Vegkaflinn frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði er samtals 28,1 km að lengd. Á þessum kafla eru þrjár brýr, samtals 200 m að lengd. Verkið hófst árið 2005 og var unnið í þremur útboðsverkum sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Vegir og brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós voru teknir í notkun haustið 2008 og notaðir yfir veturinn. Nú er verkinu að mestu lokið en eftir nokkur frágangur og uppsetning vegriða.

Vegir og brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós voru hannaðir af starfsmönnum Vegagerðarinnar, en brú á Mjóafjörð af verkfræðistofunni Eflu (áður Línuhönnun).

Verktaki við vegagerð í öllum verkunum var KNH ehf. Ísafirði en með honum voru Vestfirkir verktakar ehf. Ísafirði við brúagerð, ásamt ýmsum undirverktökum. Starfsmenn Vega-

gerðarinnar sáu um eftirlit ásamt Tæknipjónustu Vestfjarða, Ísafirði

Eyri – Svansvík

Vegarkaflinn er frá slitlagsenda á Eyrarhlíð að slitlagsenda innan Svansvíkur. Lengd er 10,08 km.

Um Svansvík

Kaflinn byrjar innan Svansvíkur og endar við Rauðagarð, rétt utan fyrri vegamóta Vatnsfjarðavegar (633) og Reykjanesvegar (634). Heildarlengd þessa vegarkafla er 3,6 km.

Reykjanes - Hörtná

Kaflinn skiptist í fjóra verkhluta, vegagerð og þrjár brýr.

Vegagerð fól í sér ný- og endurlögn Djúpvegar (61) frá slitlagsenda við Rauðagarð, út Reykjanes, yfir Reykjafjörð, fyrir Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, yfir Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð um Hrútey að slitlagsenda utan Hörtnár. Lengd þessa hluta er 14,56 km. Aðrir vegir og tengingar eru 2,24 km.

Brú á Reykjafjörð er 60 m löng steipt eftirspennit bitabré í

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

17. tbl. 17. árg. nr. 530 21. sept. 2009

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útböð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Kristján L. Möller samgönguráðherra vígir nýja brú yfir Mjóafjörð með því að klippa á borða. Honum til aðstoðar er Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

tveimur höfum með 7,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 8,5 m. Landstöplarnir eru með bogadregnum vængjum. Í framhaldi af þeim koma leiðigarðar, sem ná um 30 m út frá brúnni til beggja handa. Brúin er u.þ.b. í miðjum firði, en vegfyllingin er um 900 m löng yfir fjörðinn. Brúin er grunduð á 10 - 12 m löngum steiptum staurum. Niðurrekstur var framkvæmdur af vinnuflokki Vega-gerðarinnar.

Brú á Vatnsfjarðarós (Hópið) er 10 m löng steipt bitabrá í einu hafi með 7,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 8,5 m. Brúin er grunduð á klöpp. Í op brúarinnar var byggður steiptur veggur til að tryggja vatns-hæð í lóni innan við brú.

Brú á Mjóafjörð (Hrúteyjarsund) er á nýju vegarstæði Djúp-

vegar yfir Mjóafjörð frá skeri austan fjarðar og út í Hrútey og er vegurinn á fyllingu frá Hrútey og vestur yfir fjörðinn. Brúin er með 8 m breiðri akbraut en til hliðar eru svæði fyrir vegrið og upphengistangir þannig að heildarbreidd yfirbygg-ingar er 11,3 m. Heildarlengd brúargólfsins er 130 m.

Brúin er stálbogabrá með tveimur yfirliggjandi stálbogum sem hallast hvor mót öðrum og er lengd boga 107 m milli bogaundirstaða. Hæð boga er 17 m yfir undirstöðum og ná þeir 14 m yfir akbrautina. Þeir eru tengdir saman með 7 þverbitum yfir akbrautinni en 2 þverbitum undir henni. Bogarnir eru gerðir úr 750 mm stálrörum og eru endar þeirra steiptir inn í bogaundirstöðurnar. Þar eru soðnir skúfboltar á bogaendana til að yfirfæra krafta úr bogum í undirstöður.

Yfirbygging brúarinnar eða brúargólfið er 130 m langt sam-



Gröftur Óshlíðarganga gekk misjafnlega í viku 37. Frá Hnífsdal voru sprengdir 49 m og var heildarlengd þeim megin 2.314 m mánudaginn 14. september. Frá Bolungarvík voru einungis sprengdir 10 m í erfiðum setlögum og var heildarlengd þeim megin 2.286 m. Samtals var því búið að sprengja 4.600 m 14. september eða tæp 90% af heildarlengd. Eftir vai að sprengja 556 m.



Fjöldi fólks lagði leið sína í Mjóafjörð til að fagna vígslu nýrrar brúar. Myndin er tekin vestur yfir Hrótey sem varla gat talist í alfaraleið áður en brúin var byggð.

verkandi gólf úr stálbitum með steypu gólfi. Það er hengt upp í bogana með 60 mm hengistöngum sem gerðar eru úr hástyrkleikastáli.

Langbitar brúargólfsins eru tveir soðnir 1.050x500 mm kassabitar sem smíðaðir voru í 12 m lengdum. Langbitarnir eru tengdir saman með 35 soðnum 640x300 mm kassalaga þverbitum. Ofan á þverbitana í langstefnu brúarinnar voru síðan lagðar 120 mm þykkar forsteyptar plötueiningar. Ofan á einingarnar og stálbitana er brúargólfið síðan steypst og mynda forsteypu plötur neðri hluta steypa gólfsins. Allar undirstöður brúar, þ.e. boga og yfirbyggingar eru steypar og grundaðar á klöpp. Á bríkum brúarinnar eru vegrið úr stáli eða áli sem boltuð eru niður í innsteypar festingar.

Heiðursmenn Vegagerðarinnar við vígslu brúar yfir Mjóafjörð voru þau Kolbrún Benediktsdóttir þjónustufulltrúi, umferðarþjónustu á Ísafirði og Jón Vilhjálmsson flokksstjóri á þjónustustöð á Hólmavík. Skæravörður var Edda Lind Guðmundsdóttir frá Ísafirði.

Þessi mynd segir meira en mörg orð. Vegurinn upp á Eyrarfjall sem hefur verið farinn á sumrin um Djúp og nýr vegur. Fjallvegurinn verður nú lagður af sem vegur.





Djúpvegur (61) (Tröllatunguheiði). Framkvæmdir vestast á svæðinu 2. september 2009.

Nýr Tröllatunguvegur verður hluti Djúpvegar (61)

Þegar nýr vegur um Arnkötludal (Tröllatunguheiði) verður opnaður fyrir umferð um næstu mánaðamót verður hann hluti Djúpvegar með vegnúmerið 61. Sá vegur sem áður var Djúpvegur, frá Hringvegi (1) í Hrutafirði að vegamótum sunnan Hólmavíkur mun framvegis heita Hólmavíkurvegur og hafa númerið 68. Þetta er sýnt á kortinu hér til hliðar. Djúpvegur er merktur með rauðu frá Vestfjarðavegi (60) til

Bolungarvíkur. Hann liggur nú um brú á Mjóafirði og mun síðar fara um Bolungarvíkurgöng. Hringvegur (1) er merktur með svörtu á kortinu og Vestfjarðavegur (60) með bláu. Hann breytist ekkert. Hólmavíkurvegur (68) er merktur með grænu. Með þessari breytingu er verið að taka aftur upp gamalt nafn og númer á þessum sama vegi en því var breytt í Djúpvegur (61) árið 1994.

Merkingar svipaðar þessari verða settar upp þar sem vegnúmer breytast til glöggvunar fyrir vegfarendur sem kunna að vera á ferðinni með eldri vegakort.

Nýtt vegnúmer

New Road Number

68

Síðan
Since

01.10.2009

61

Gamalt vegnúmer
Old Road Number

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

St.23200

St.23100

St.23000

Vesturlandsvegur

Vallargrund

Athafnas


jarðveg


Kléberg

Klébergsskóli

R=∞
A=850,00

23225,23





Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) á Kjalarnesi, undirgöng við Grundarhverfi 09-048

Vegagerðin og Reykjavíkurborg óska eftir tilboðum í verkið „Hringvegur (1) á Kjalarnesi, undirgöng við Grundarhverfi“. Um er að ræða gerð stálbogaundirganga undir Hringveginn við Grundarhverfi á Kjalarnesi ásamt gerð göngustíga við göngin að Klébergsskóla. Einnig gerð bráðabirgðavegar, ýmsa lagnavinnu, lýsingu og tilheyrandi landmótun.

Helstu magnbólur eru:

Lögn stálbogaganga	23 m
Fylling og burðarlag	5.000 m ³
Malbik	1.900 m ²
Ofanvatnsræsi	75 m

Umferð skal vera komin aftur á Hringveginn þann 15. desember 2009 og verkinu síðan að fullu lokið þann 1. maí 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 21. september 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. október 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningsamgöngum eru ekki á þessum lista. Fæst viðhaldsverk eru á listanum.

[Texti miðast við vikur 37-38](#)

Suðursvæði

Samið: Verklok:

09-033	Hringvegur (1) um Hellu 2. áfangi <i>Þjótandi ehf. kt. 500901-2410</i> Verktaki hyggst byrja á framkvæmdum við hitaveitulögn og fyllingar um mánaðarmótin september/október.	26.05.09	26.08.09
09-032	Langholtsvegur (318) Hringvegur - Ármótavegamót <i>Vélgrafan ehf.</i> Unnið í fyllingum, ræsum og burðalögum. Vinna við fyllingar er að klárast.	19.06.09	15.09.09
08-034	Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka <i>Þjótandi ehf.</i> Stefnt að því að leggja fyrra lag klæðingar í september og seinna lagið næsta vor.	26.01.09	10.02.09

Suðursvæði, framhald

Samið: Verklok:

07-084	Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur <i>KNH ehf.</i> Búið að steypa brú og slá frá brúardekki. Unnið er við austurhluta á milli Þorlákshafnar og Selvogs en þar er unnið við að rétta af undir efra burðarlag með 0-100 mm efni og frágang fláa. Stefnt er að því að leggja fyrra lag klæðingar á þennan kafla í september. Ekki gert ráð fyrir að meira verði svo unnið við verkið á þessu ári. Búið er að malbika við hringtorg. Búið að malbika hringtorg við Þorlákshöfn og unnið að frágangi á eyju ofl. Þjónustusvæði er að vinna í merkingum.	19.09.08	15.09.11
08-032	Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót <i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.</i> Búið að steypa alla stöplana að vestanverðu (4 af 7) og er verið að undirbúa undirslátt þeim megin. Vinna við brú er nokkurn veginn á áætlun. Búið er að keyra fyllingarefni í hæð á milli st. 2.820 og 3.940. Fyllingarefni einnig komið í fulla hæð á milli st. 5.500-5.680 og verið að keyra fyllingarefni á milli st. 5.680-6.000. Unnið er við að keyra út fyllingum í Pollengi.	15.05.09	15.06.11



Nýr Suðurstrandarvegur. Vega- og brúargerð við Hlíðarvatn 29. ágúst 2009. Núverandi vegur liggur undir hlíðinni norðan við vatnið.

Suðursvæði, framhald	Samið: Verklok:
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur <i>Vélaleiga A.P.</i>	04.07.08 15.10.10
Verktaki er búinn að keyra út rúmlega 55% af áætluðu magni í fyllingar í vegstæði aðalvegur og tengivegar. Þá er búið að keyra út um 1/3 af fláafleygaefni meðfram vegstæðinu. Vinna við ræsi er að mestu lokið að undanskilinni vinnu við ræsaenda. Búið er að setja saman ræsi í Stóragili og er unnið við akstur á fyllingarefni í gilið. Verktaki er að aka út fyllingarefni í vegstæði úr námu 3 í Kringlumýri. Verið er að keyra út fyllingarefni úr þessari námu í vegstæði í st. 6.780 og til austurs, með það að markmiði að tengja saman vegstæðið sem búið er að leggja út austanmegin í verkinu og verður þá orðið samfellt vegstæði sem búið er að fylla í á milli stöðva 5.700 og 13.500. Búið er að gera akfæran slóða milli st. 6.780 og 7.100.	
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð <i>Suðurverk hf.</i> <i>Hafnargerð. Lítið unnið við vegagerð í bili.</i>	14.08.08 01.07.10
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit <i>Strendingur ehf.</i>	02.09.08 01.09.10



Ljósmynd: Mats Wibe Lund

Suðursvæði, framhald	Samið: Verklok:
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i>	09.09.08 15.09.11
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit <i>VSÓ - ráðgjöf ehf.</i>	23.06.08 15.10.10
Suðvestursvæði	Samið: Verklok:
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun <i>Efla ehf.</i>	30.01.09 27.11.09
08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð <i>Ístak hf.</i> <i>Kaflinn var opnaður fyrir umferð 19. október 2008.</i> <i>Verki er að ljúka.</i>	02.05.08 01.06.09
Reykjavík minni verk til að bæta umferðarflæði <i>Samningsverk: Reykjavíkurborg</i>	
Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Leirvogstungu <i>Samningsverk: Ístak</i> <i>Samið um frestun á verkskilum.</i>	vor 2010
Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðvík <i>Samningsverk: Reykjanesbær</i> <i>Reykjanesbær samdi við Miðland ehf. um framkvæmd.</i> <i>Undirverktaki Miðlands við jarðvinnu og vegagerð er Nesprýði ehf. Undirverktaki við gangagerð er Húsanes ehf.</i>	12.09
Norðvestursvæði	Samið: Verklok:
08-085 Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfsstaðir <i>Bíldrangur ehf. kt. 530606-1470</i>	28.08.09 30.11.09
<i>Verktaki hefur hafið vinnu. Unnið að fyllingum og ræsagerð á austari hluta kaflans.</i>	
09-030 Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga <i>Kraftlind ehf., Kópavogi, kt. 601206-0480</i>	05.06.09 01.10.09
<i>Lagnavinnu er lokið. Malbikun líklega lokið í viku 38. Vinna við kantstein og eyjur í framhaldinu..</i>	
08-022 Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá <i>Ingileiður Jónsson ehf.</i>	21.04.09 30.11.10
<i>Ekkert unnið í verkinu síðustu tvö úthöld, mannskapurinn á Tröllatunguheiði.</i>	
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús <i>KNH ehf.</i>	23.07.08 15.09.09
<i>Lokið við að klæða neðra lag. Frágangur langt kominn. Landgræðsla eftir til næsta árs. Unnið í uppgjörsmálum.</i>	
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll <i>Stafnafell ehf.</i>	26.01.06 15.07.09
<i>Verki lokið nema seinna lagi klæðingar á Malarrífsveg sem verður frestað til næsta árs. Landgræðsla eftir. Unnið í lokauppgjöri.</i>	
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná <i>KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.</i>	25.01.07 01.09.09
<i>Brú á Mjóafjörð vígð þann 03.09.09. Ýmislegt þó eftir í verkinu. Sandblæstri og málmhúðun lokið, unnið að málum undir brú, lítið eftir. Klæðingu lokið nema yfirlögn áningarstaða. Unnið í frágangi á námum og vegsvæðinu.</i>	



Djúpvegur (61) (Tröllatunguheiði) 2. september 2009. Efni í neðra burðarlag tekið úr skeringu.

Norðvestursvæði, framhald	Samið: Verklök:	Norðvestursvæði, framhald	Samið: Verklök:
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur <i>Ingileifur Jónsson ehf.</i> Útkeyrsla efra burðarlags hófst 03.09.09. Vinna við klæðingar hófst 07.09.09. Tveir dreifarar í notkun við efra burðarlag. Frágangur langt kominn í Gautsdal, eftir frágangur á um 5 km neðst í Steingrímsfirði. Efnisvinnsla er langt komin. Einnig hafa verið settar niður endafestur fyrir víraleiðara sem og ristarliði.	20.04.07 01.09.09	08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Hringvegur <i>Sigurjón Hjartarson.</i> Tvöfaldri klæðningu lokið. Unnið við frágang fláa og samhliða gerð reiðleiðar við fláafót. Verktaki er að vinna klæðingarefni fyrir viðhald og þjónustu í Uppsalanámu.	13.10.08 01.08.09
107-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg <i>Fjörður ehf.</i> Búið að aka leirlagi yfir nýbyggingarkafliann og styrkingarkafliann. Fræsari vann á svæðinu í tvo daga í síðustu viku og er verið að ljúka við frágangsheflun.	02.09.08 15.07.09	08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálsmiði <i>Gísli Þorgeir Einarsson</i>	25.07.08 21.11.08
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskaftafjarðavegur <i>KNH ehf.</i> Eftir smávægilegur frágangur og yfirlögn klæðingar sem hefur verið frestað fram á næsta ár.	30.11.07 01.07.09	07-085 Óshlíðargöng, eftirlit <i>Línuhönnun hf., Geotek</i>	08.04.08 15.07.10
07-005 Hringvegur (1), Grafarköt - Hraunsnef <i>KNH ehf.</i> Verið að fara af stað með uppsetning ljósastaura. Hellulögn í eyjur lokið. Verk að öðru leyti langt komið.	08.06.07 01.10.09	07-062 Óshlíðargöng <i>Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors</i> Uppsláttur á brú í Hnífsdal. Búið að steypa undirstöður vegskála við Ós.	08.04.08 15.07.10
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn <i>Skagfirskir verktakar</i> Verki er lokið	12.12.07 01.11.08	07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur <i>Borgarverk ehf.</i> Unnið í reiðvegi og frágangi, verk langt komið.	02.04.08 15.09.08
		Vestfjarðavegur um Laxá Verktaki: Brúarvinnuflokkur Vg. Hvammstanga og flokkur Vg. Búðardal Eftir er lokafrágangur á vegi og leiðarar á veg.	01.09.09
		Vestfjarðavegur um Hjarðardalsá. Verktaki: Brúarvinnuflokkur Vg. Hvammstanga og flokkur Vg. Ísafirði Eftir leiðarar á veg.	
		Djúpvegur Bitrufjörður, breikkun slitlaga. Verktaki: Flokkur Vg. Hólmavík, Króksverk ehf. Innri kaflinn klæddur (um 5 km) 04.09.09. Unnið í frágangi, búið að stika. Er að koma að verklokum í ár. Yfirlögn klæðingar verður á næsta ári.	

Norðaustursvæði	Samið: Verklök:
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá Héraðsverk ehf., Egilsstöðum kt. 680388-1489 Framkvæmdir hófust um síðustu mánaðarmót og verið að vinna á 1,5 km kafla.	16.06.09 01.08.11
08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur KNH ehf., Ísafirði kt. 710795-2239 Verktaki hóf framkvæmdir 5. september. Byrjað er að opna námur og gera fært um vinnusvæðið.	15.04.09 12.06.09
05-035 Héðinsfjarðargöng Háfell ehf. og Metrostav a.s.	20.05.06 17.07.10
05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit Geotek ehf.	28.04.86 17.07.10
08-069 Norðausturvegur (85), Fremri-Háls - Sævarland Héraðsverk ehf. Verkinu er að mestu lokið nema eftir er að ganga frá námum og girðingum..	13.06.08 15.07.09
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið Héraðsverk ehf. Fyllingar eru búnar frá st. 1.680 að st. 30.440. Neðra burðarlag komið að mestu á sama kafla. Búið að leggja klæðingu á 7 km austast á kaflanum og reiknað með að klætt verði vestur að vegamótum Raufarhafnarvegur, eða samtals á um 12,5 km. Samkvæmt samningi átti klæðingu að vera lokið 15. ágúst og verklök 1. nóvember. Nú er ljóst að ekki verður hægt að ljúka verkinu og þar með ekki opna veginn fyrir umferð á þessu ári, þar sem ekki hefur tekist að semja um land undir 1,5 km vestast á kaflanum.	16.07.07 01.11.09
08-007 Illugastaðavegur (833), sliðlagsendi - Illugastaðir Árni Helgason, Ólafsfirði. Verkinu er lokið	25.07.08 01.07.09

Norðaustursvæði, framhald	Samið: Verklök:
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka Háfell ehf. Unnið við burðarlög og undirbúning fyrir klæðingu. Klæðingin átti að vera komin á veginn 1. ágúst en vegna magnaukninga var því seinkað til 1. september. Nú er ljóst að ekki verður búið að leggja klæðinguna fyrr en talsvert verður liðið á september. Verklök áttu að vera 15. september 2009 en þeim seinkar einnig um mánuð.	20.08.08 15.10.09
07-005 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir Héraðsverk ehf. Verkinu er að mestu lokið.	01.02.07 01.07.09
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls Suðurverk hf. Unnið er við frágang utan vegar, efnisvinnslu, burðarlög og undirbúning fyrir klæðingu. Klæðingin átti að vera komin á kaflann fyrir 1. september, en ekki er útlit fyrir að það verði fyrr en í lok september.	05.02.08 01.10.09
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur GV gröfur ehf. Verktaki hefur lokið sínu verki að mestu nema eftir er að leggja efra lagið á ca. 300 m. Eftir er að setja upp vegrið á um 600 m og mála miðlínu.	
08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur Ylur ehf. Verkinu er að mestu lokið, smávægis frágangsvinna eftir.	22.01.09 01.09.09
07-019 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður KNH ehf. Framkvæmdir hófust í byrjun júní. Fyllingum er að mestu lokið á ca. 13 km. Verkið er nokkuð á áætlun en verktaki hefur verið beðinn að hægja frekar á framkvæmdum vegna peningaskorts.	30.04.09 15.11.12



Vestfjarðavegur (60) í Kjálkafirði vestanverðum 4. september 2009..

Norðaustursvæði, framhald Samið: Verklok:

07-019	Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói <i>Suðurverk hf.</i> Búið að leggja klæðinguna og lítilsháttar frágangsvinna eftir.	20.12.07	01.07.09
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss <i>Árni Helgason ehf.</i> Unnið við fyllingar og eru þær komnar að hluta til á ca. 17 km. Neðra burðarlag komið á ca. 11 km. Verklok eru 1. október 2010, en neðra lag klæðingar á að vera komið á veginn fyrir 15. júlí 2010. Líklega verður samið um seinkun á verklokum vegna peningaskorts.	12.09.08	01.10.10
08-004	Dagverðareyraryvegur (816) Hringvegur - Helluland <i>G. V. Gröfur ehf.</i> Verkinu er lokið.	26.05.08	01.08.08
08-002	Hörgárdalsvegur (815) Björg - Skriða <i>Árni Helgason ehf.</i> Verkinu er lokið.	09.06.08	01.09.08

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð		Auglýst: dagur, mánuður, ár	
Engin útboð eru fyrirhuguð á næstunni		09	
Auglýst útboð		Auglýst:	Opnað:
09-047	Hringvegur (1) á Kjalarnesi, undirgöng við Grundarhverfi	21.09.09	06.10.09
Útboð á samningaborði		Auglýst:	Opnað:
Engin útboð eru nú á samningaborði		09	
Samningum lokið		Opnað:	Samið:
09-046	Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2012, Vatnaleið - Ólafsvík <i>Jóhann María Ríkharðsdóttir</i> <i>kt. 221082-4519</i>	04.08.09	10.09.09
09-033	Hringvegur (1) um Hellu 2. áfangi <i>Þjótandi ehf.</i> <i>kt. 500901-2410</i>	26.05.09	26.08.09
08-085	Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfsstaðir <i>Bíldrangur ehf.</i> <i>kt. 530606-1470</i>	26.05.09	°28.08.09



Djúpvegur (61) (Tröllatunguheiði) 2. september 2009. Unnið í skeringu.